



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Askja

2024 – 2025



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

# **1. Leiðarljós leikskólans**

## **Greinargerð leikskólastjóra**

Skólaárið 2023-2024 var okkar annað skólaár í Skógarhlíð 6 en þar lentum við sumarið 2022 eftir gríðarlega vinnu við að koma heilu skolasamfélagi fyrir á nýum stað. Staðsetningin og húsnæði eru þó bæði hugsuð sem tímabundin lausn á meðan verið er semja um og byggja skolasamfélagi okkar fastan framtíðar samastað.

Á þessum tíma hefur skólinn okkar haldið áfram að vaxa með einhverjum vaxtarverkjum þó og á starfsfólk okkar mikið þakklæti og hrós skilið fyrir ómetanlegt starf við uppbyggingu á frábæru skólastarfi þrátt fyrir ýmsar krefjandi áskoranir og nýtt umhverfi. Þrátt fyrir rask og áskoranir á skólaumhverfinu kemur svörun í foreldrakönnun mjög vel út og greinileg ánægja er með skólastarfið sem okkur þykir frábært að heyra og ljóst að okkur hefur tekist að vinna starf okkar undir miklu álagi og án þess að börn og foreldrar þeirra finni fyrir því. Við höfum þó einnig lært á þessum síðustu tveim árum að það er ekki endilega gott að harka allt af sér og höfum nú unnið að skýrara verklagi fyrir okkur og starfsfólk okkar að vinna eftir á komandi skólaári.

Það kom okkur ekki á óvart að svörun starfsánægjukönnunar sýndi að starfsfólkvið hefur verið undir miklu álagi og streitu og það skiljanlega og hefur húsnæðið og aðstæður þar mikil áhrif á starfsgæði. Úrbótaáætlun starfsánægjukönnunar tekur því mið af þessu og verið er að vinna að ýmsum bótum og breytingum á húsnæðinu nú í sumar, fyrir komandi skólaár.

Ungbarnakjarni hefur haldið áfram í þróun hjá okkur en þar höfum við verið að finna út hvaða efniviður, dagskrá og umhverfi henta best yngstu börnunum okkar. Okkur hlakkar mikið til að halda áfram að þróa starfið enn meira á komandi skólaári.

Á skipulagsdögum í veturni höfum við m.a. lagt áherslu málörvun en unnið var eftir nýju málörvunaráætlun okkar í veturni. Áætlunin varð til fyrir ári síðan og byggir m.a. á orðaforðalista MMS og lotum okkar úr kynjanámskránni og leggjum við upp með að hver kjarni og aldurshópur fær sinn; efnis og orðaforða pakka til að vinna eftir, yfir skólaárið.



Það hefur gengið mjög vel að koma þessu á laggirnar og vinna eftir áætluninni og munum við halda áfram að kjarna áætlunina og styrkja vinnuna á komandi skólaári.

Við höfum einnig mikið rýnt í og rætt hvernig við sem heild getum sem best unnið í takt með markvissu og sameiginlegu vinnuverklagi og höfum skipulagt komandi skólaár m.a. með verkferla, skráningar, endurmenntun, þjálfun nýs starfsfólks og fleira í huga og tekur umbótaáætlunin starfskönnunar okkar mið af því.

Jógatímarnir voru með aðeins breyttu sniði á leikskólanum í veturnar þar sem hún var kennd í lotum í stað fastra tíma, einu sinni í viku eins og áður var. Þetta fyrirkomulag lukkaðist vel og munum við halda jógakennslu áfram í lotum á komandi skólaári.

Nú þegar Askja og Barnaskólinn í Reykjavík eru staðsett undir sama þaki í Skógarhlíðinni er samvinnan með fimm ára börnum þægilegri og nær okkur. Mörg af fimm ára börnunum eru orðin læs nú í lok skólaárs, enda búið að leggja inn bókstafi eftir hljóðaaðferðinni í veturnar en eins hafa tölustafir verið lagðir inn með markvissum hætti. Fimm ára börnin sóttu íþróttatíma í Valsheimilinu einu sinni í viku yfir skólaárið og fóru á stutt sundnámskeið í vor. Einnig hafa þau tekið þátt í nokkrum smiðjum sem Barnaskóla börnum er boðið upp á í skólanum eins og smiðja um himingeiminn, heimilisfræði, hönnun og smíði, mynd- og tónlist. Í vor fóru þau svo öll í skólaferðalag í Vatnaskógi og gisti þar eina nótt með kennurum sínum.

Stytting vinnuvikunnar hefur haldið sér með óbreyttu sniði frá því í apríl 2018 og var þetta því fimmta heila skólaárið þar sem allt starfsfólk Hjallastefnunnar fær vinnudag sinn styttan um 1 klukkustund hvern dag, samtals fimm klukkustundir á viku, án skerðingar á matar/kaffítínum starfsfólks.

Helstu markmið með þessu verkefni er:

- Að minnka álag á starfsfólk.
- Að fækka fjarvistum vegna veikinda.
- Að minnka skrepp starfsfólks á vinnutíma.
- Að minnka brottfall vegna álagstengdar vandamála.



- Að minnka starfsmannaveltu.
- Að lengja starfstíma kennara og auka lífsgæði þeirra.

Verkefnið hefur gefist vel og má þar nefna að fjarvera og skrepp kennara hefur minnkað tölувert á milli ára samanborin við fyrri skólaár þ.e. áður en vinnustyttingin var tekin í gagnið. Einnig hefur reynst einfaldara að manna skólann eftir að stytting vinnuvikunnar tók gildi, sem og að niðurstöður ánægjukönnunar starfsfólk sýnir að starfsfólk er afar ánægt með vinnutíma sinn og starfsánægja er mikil í Öskju.

Það sama hefur sýnt sig í öðrum skólum Hjallastefnunnar en vinnustyttingin hefur verið innleidd í alla leikskóla Hjallastefnunnar með góðum árangri en niðurstöður og árangur verkefnisins eiga eftir að birtast fljótlega.

Meginreglurnar okkar standa alltaf fyrir sínu og eru leiðarljós þess sem við störfum eftir. Meginreglurnar eru sex talsins og settar upp í skýrri forgangsröð og í þeim birtast hugsjónir okkar, bæði innri þættir eins og lífsgildin sem við starfsfólk sameinumst um; viðhorf, mannskilningur og lífssýn og svo ytri þættir eins og skipulag, starfshættir og aðferðir sem byggja á umræddum hugsjónum og einkenna Hjallastefnuskóla.

Markmið meginreglanna er að byggja upp jákvæða og kærleiksríka skólamenningu og að leggja af mörkum til grenndarsamfélags okkar, þannig að við getum haft áhrif til góðs hvar sem við komum. Hlutverk meginreglnanna er að tryggja að skólaskipulag og starfsaðferðir séu í fullkomnum takti við hugsjónir, frá hinu stærsta til hins smæsta.

Örstutt kynning á meginreglunum:

## 1. Börn og foreldrar

Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er, virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra.

## 2. Starfsfólk



Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks sem og í öllum samskiptum við börn, foreldra og annarra sem koma að málum skólans.

### 3. Umhverfi

Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og áþreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðráðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.

### 4. Efniviður

Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi, í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim, með eigin lausnum og raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi.

### 5. Náttúra

Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.

### 6. Samfélag

Hjallastefnunni er ætlað að þjálfa aga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan, en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og festu verður taminn vilji leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla í rósemd og friði innan skolasamfélagsins og síðar til ábyrgðar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Kynjanámskráin er útfærsla á hugmyndafræði Hjallastefnunnar, þar sem markmiðið er að tryggja jafnrétti kynjanna sem og annarra hópa og veita börnum frelsi frá neikvæðum afleiðingum kynjakerfisins og staðalmyndum. Hjá Hjallastefnunni er gengið út frá þeirri kennisetningu að kynin öðlist takmarkaða færni og æfi of fáa eiginleika vegna heftandi hugmynda um kynhlutverk og vegna kynjamótunar sem samfélagið ákvarðar á grundvelli kyns. Kynjanámskráin tryggir að öll börn fái heildstæða þjálfun í mannlegum eiginleikum óháð kyni, en markmiðið er að veita öllum börnum jöfn tækifæri til að leika og læra á eigin forsendum, án takmarkana sem kynjakerfið setur. Hver lota stendur í fjórar vikur í senn og byggjast loturnar á því að þjálfa og bæta, bæði



einstaklings- og félagsfærni hvers barns. Með því að fylgja eftir öllum sex lotunum fær hvert barn heildstæða þjálfun í einstaklings- og félagsfærni þar sem jafnvægi ríkir á milli eiginleika sem eru oft tengdir við kyn. Allir þættir kynjanámskrárinnar eru þó ávallt í forgrunni í öllu skólastarfi.

Lotur í kynjanámskrá Hjallastefnunar:

1. Agi; *virðing, hegðun, kurteisi, framkoma*
2. Sjálfstyrking; *sjálfstæði, sjálfstraust, öryggi, tjáning*
3. Samskipti; *umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni, samstaða*
4. Jákvæðni; *bjartsýni, gleði, ákveðni, hreinskíptni*
5. Vinátta; *félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur*
6. Áræðni; *kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði*



## 2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsfólk, börn, foreldrar, aðrir)	Heistu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifær til umbóta)
Starfsánægja, líðan ofl.	Viðhorfskónnun	starfsfólk skólans	Umbótaáætlun (sjá neðar)
Hjallísk vinnubrögð	Gæðamat	Starfsmaður frá Hjallamiðstöð og starfsfólk	Mjög jákvæðar niðurstöður, örfá atröld sem hafa verið lögðuð nú þegar.

### Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Heistu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifær til umbóta)
Upplifun og ánægja foreldra af skólanum	Viðhorfskónnun	Foreldrar	Umbótaáætlun (sjá neðar)

## 3. Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Umbóta og matsþáttur	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið / aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
Skráning daglegs skólastarfs	Bæta aðgengi foreldra að upplýsingum	Hópstjórar senda vikupóst á foreldra og skrá upplýsingar á Karella. Passa að	Hóp- og kjarnastýrur.	Haust 2024	Vor 2025	Metið í næstu foreldrakönnun	Hækkun á svörnum foreldra



	um dagleg skólastarf.	hópatímaskráning sé sýnileg fyrir foreldra að fylgiast með.					könnun 2025
Málörvun	Efla starfsfólk í markvissri notkun málörvunar áætlunar Öskju	Hver hópstjóri hefur viku skipulagsbók og í henni er efni málörvunaráætlunar niðurskipt með upplýsingum og verkefna hugmyndum	Hóp- og kjarnastýrur,	Haust 2024	Vor 2025	Umræður á kjarna fundum eftir lotur	Hækkun á svörun starfsfólks könnunar 2025
Samstarf heimilis og skóla	Auka þátttöku foreldra í skólastarfinu.	Amk. einn skipulagður foreldra viðburður á hverjum kjarna og eitt kjarnakvöld/kynning fyrir foreldra.	Skóla- og kjarnstýrur,	Haust 2024	Vor 20244	Að hver kjarni hafi haldið viðburð að einhverju tagi með foreldrum.	Hækkun á svörun foreldra könnun 2025
Mannauður / leikskóla- bragur							
Eineltis- áætlun	Sé til og er gagnvirk viðbragðs - áætlun við einelti	Ekko áætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi	Leikskólastýr ur, framkvæmda stjórn Hjallastefnunar	Haust 2024	Vor 2025	Metið í næstu starfsánægju könnun	Hækkun á svörun starfsfólks könnunar vor 2025.
Starfsandi	Hlúa að starfsfólk og góðum starfsanda.	Auka hópefli og samvinnu og deila ábyrgð á skipulagningu viðburða. Fjórir skipulagðir viðburðir yfir skólaárið á skóladagatali.	Sameiginleg ábyrgð starfsfólks	Strax	Vor 2025	Metið í næstu starfsánægju könnun	Hækkun á svörnum starfsfólks könnunar vor 2025.
Endurmenntun og fræðsla	Efla og styrkja starfsfólk leikskólans í starfi.	Skipulagðir fræðslufundir fastir á skóladagatali. Fræðsluefnir m.a. sniðið eftir óskum starfsfólks, stefnu	Skóla- og sérkennslu stýra	Haust 2024	Vor 2024	Metið jafnóðum með umræðum og verkefnavinnu.	Hækkun á svörun starfsfólks könnunar vor 2025.



		leikskólangs og þörf hverju sinni.					
þjálfun nýliða	Efla og styrkja nýtt starfsfólk í starfsháttum leikskólangs	Nýliðaþjálfun þar sem nýliði fer í gegnum 10 vikna þjálfunaráætlun með úthlutum móttökukennara á kjarna sem nýliði starfar á.	Skólastýrur	Haust 2024	Vor 2024	Metið jafnóðum með umræðum og verkefnavinnu	Starfsánægjí ukönnun vor 2025.
Innra mat							
Samvinna leikskólangs Öskju og Barnaskólangs	Efla samstarf og samvinnu milli skólastiga.	Reglulegir samráðsfundir milli skólastiga varðandi upplýsingar eða aðra þætti sem vinna þarf með. Vinakjarnar á milli skólastiga þar sem eldri og yngri nemendur vinna saman.	Skólastýrur Öskju og BSK	Haust 2024	Vor 2025	Metið jafnóðum.	Hækkun á svörun foreldrakön nun 2025

#### 4. Innra mat sérkennslu

##### Mat á sérkennslu 2024-2025

<b>Skipulagning sérkennslu</b>  Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttáð, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Skipulag sérkennslu er í umsjón sérkennslustýru þ.á.m. gerð einstaklingsáætlanna, móttoku sérfræðinga, utanumhald greiningarvinnu, tilvísana, teymisfunda og eða annarra funda og fræðslu m.a. með sérkennurum og stuðningsaðilum. Menntun án aðgreiningar er hátt skrifuð hjá okkur, við mætum öllum börnum á því proskastigi sem þau eru á og veitum þeim viðeigandi stuðning eftir þörfum hvers og eins um leið og þess þarf og áður en fjárhagslegur stuðningur fæst. Skráningar sérkennslustunda fara reglulega fram í gegnum <b>Catalyst</b> skráningarkerfi en einnig eru gerðar hegðunarskráningar þar sem við á.
<b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b>  Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Hópstjórar sjá um <b>TRAS</b> -skráningar fyrir börnin sem sérkennslustýra fer svo yfir og veitir hópstjórum viðeigandi upplýsingar, út frá niðurstöðum hvers barns til að vinna eftir hverju sinni. Sérkennslustýra heldur einnig utan um allar aðrar skráningar svo sem; <b>Orðaskil</b> og <b>EFI-2</b> fyrir öll börn og <b>AEPS, ABLLS</b> eða <b>Gerd Strand</b> fyrir öll sérkennslubörn og svo AHA-hegðunarskráningar. <b>HLJÓM-2</b> er lagt fyrir öll 5 ára börn á haustin og endurtekið eftir þörfum.



<b>Hvaða námsefni var notað?</b> Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Fjölbreytt námsefni er notað í sérkennslu eftir þörf hverju sinni svo sem; <i>Tölum saman</i> , <i>Orðagull</i> , <i>Ljáðu mér eyra</i> , <i>Lærum og leikum með hljóðin</i> , <i>Lubbi finnur málbein</i> ásamt ýmsu auka efni sem er m.a. útbúið hjá okkur, sérstök leikföng fyrir blind börn, bækur um tilfinningar, málörvunarspil og ýmis spil og smáforrit; <i>A Work in Progress, Behavioural Intervention for Young Children with Autism, Snemmtæk íhlutun í hnottskurn</i>
--	---

## Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Umbóta og matsþáttur	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið / aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráningar	Bæta utanumhald, skráningu og skipulag sérkennslustunda	Sameiginlegt vinnuverklag og skráningar á sérkennslutímum.	Stuðningar	Haust 2024	Vor 2025	Í lok hvarrar lotu	Hækkun á svörnun starfsfólks könnunar vor 2025.
Fræðsla	Efla starfsfólk í starfi með börnum og veita fleiri verkfæri til að vinna með í starfi sínu.	Skipulagðir fræðslufundir fastir á skóladagatali. Fræðsluefnir m.a. sniðjð eftir óskum starfsfólks, stefnu leikskólans og þörf hverju sinni.	Sérkennslu-stýra	Haust 2024	Vor 2025	Metið jafnóðum með umræðum og verkefna vinnu	Hækkun á svörnun starfsfólks könnunar vor 2025.

## 5. Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2023-2024

Hvernig er úthlutuðu fjármagni til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Einstaka börn fá stuðning/sérstaka málörvun eftir þröfum, hæfnirammi notaður, efniviður keyptur, fræðsla til foreldra um málstefnu heima.
<b>Markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)?</b>	Tákn með tali, Gefðu 10, Lærum og leikum með hljóðin, Lubbi finnur málbein, útbúið myndir/spil til að æfa orðaforðan og styðja við hljóðmyndun, TMT og markviss málörvun með málörvunaráætlun Öskju.
Markviss vinna við að dýpka orðaforða fjöltyngdra barna?	Sögustundir, samstæðuspil sem auka orðaforða, hópatímar sem miða að málörvun; nýtt myndrænt málörvunaráætlun



	byggt á Orðaforðalista MMS fer af stað haustið 2023 (fyrir allar lotur Hjallastefnunnar) og TMT.
Eftirfylgni með framförum fjölyngdra barna í íslensku?	Hæfnirammi, skimanir og einstaklingsáætlanir fyrir fjölyngd börn í sérkennslu.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þáttóku barnanna?	Já, bæði í einstaklingsþjálfun og í hópatímum skv. lotum skólastefnu; færni kennd í einstaklingsþjálfun og yfirfærð inn á kjarna.

## Umbótaáætlun - fjölyngi 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSEÁTTUR	Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið / aðferðin?	Viðmið um árangur
Móðurmál - heimamál	Að efla grunn í móðurmáli/heimamáli nemenda	Foreldrar senda einföld lög sem hægt er að æfa eða barnið kennir hinum. Foreldri boðið á söngfund til að syngja með eða segja frá t.d. menningu eða sögu.	Kjarna-stýra	Haust 2024	Vor 2025	Útfylltur listi tungumála hvers kjarna	Þegar búið er að fylla út og kynna öll tungumál á kjarna.

## 6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fara fram tvívar á skólaári, það fyrsta er á haustönn og þá er farið yfir ákveðinn lista sem starfsfólk hefur fyllt út og farið yfir styrkleika sína og hvað vill skerpa á í starfi sínu og svo eru sett markmið fram að næsta samtalí sem er á vorönn. Í seinna samtalínu er svo farið yfir markmiðin aftur og rætt hvernig tókst til og eins er horft til framtíðar og starfsfólk fær tækifæri til að koma með óskir ef einhverjar eru og ákveðin eru næstu skref í starfi og ný markmið sett.

Starfsfólkfundir eru haldnir reglulega en þar skerpum við á Hjallastefnunni og hugmyndafræðinni sem við störfum eftir. Á lotufundum rýnum við í komandi lotu hverju sinni og markmið hennar. Á hverju hausti er svo haldin haustráðstefna Hjallastefnunnar,



þar sem Hjallastefnu starfsfólk af öllu landinu kemur saman og fræðist um ýmsa þætti í Hjallastefnu starfi.

Við fengum til okkar alls kyns fræðslu í vetur t.d. um Tákn með Tali sem við notum mikið í skólanum og í málörvunaráætlun okkar og um kvíða og ADHD en starfsfólk sér einnig sjálf um ýmsa endurmenntun og mætti þar t.d. nefna; Pecs námskeið, námskeið um ADHD, kvíða og einhverfu . Við nýttum svo skipulagsdaga okkar í ýmsar smiðjur eins og tónlist með börnum, samveru- og sögustundir, málörvun, uppbótavinna úr kynjanámskrá og sjálfsskoðun og sóttum þá í styrkleika kennarahóps okkar sem sá um smiðjurnar.

## **7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva**

Nú þegar Barnaskólinn í Reykjavík og Askja eru undir sama þaki er mikill og góður samgangur á milli skólastiga. Fimm ára börnin þ.e. elsti árgangur Öskju tilheyrir Barnaskólanum og við teljum að með þessari staðsetningu nánum við að brúa vel bilið á milli leik- og grunnskólans, þar sem fimm ára nemendur hafa sinn kjarna út af fyrir sig í ró og næði en taka einnig þátt í Barnaskólastarfinu t.d. með þátttöku á vikulegum söngfundum og fá einfaldari útgáfu af þeim smiðjum sem grunnskólabörnin fara í eins og listgreinasmiðju, stjörnufræði og heimilisfræði. Fimm ára börnin eru því vel undirbúin til að hefja skólagöngu 1. bekk í Barnaskólanum í Reykjavík eftir að fimm ára kjarna starfi er lokið.

Á liðnu skólaár var einnig blöndun á milli alls aldurs og kjarna í Öskju og í Barnaskólanum þar sem myndaðir voru "vina og vinkonur kjarnar" á milli skólastiga og skipulagðar heimsóknir og samvinna var á milli vina kjarna þar var t.d. sungið saman, leikið, spilað, borðað og margt fleira. Þetta gekk ótrúlega vel og mikil ánægja með þetta á báðum vígstöðvum. Þetta styrkti böndin á milli kennara skólanna tveggja sem deila hér húsnæði ásamt því að börnin þekkjast betur stór og smá sem er frábært fyrir okkar stóra skólasamfélag hér í Skógarhlíð.



## **8. Foreldrasamvinna**

Leikskólinn Askja stendur alla jafna reglulega fyrir ýmsum viðburðum til að efla samstarf milli heimilis og leikskóla. Öllum nýjum foreldrum er boðið á kynningarfundí áður en barnið byrjar í skólanum, þessir fundir eru haldnis í júní áður en aðlögun hefst og svo aftur í ágúst fyrir foreldra þeirra sem byrja eftir sumarlokun. Þá er starfið og stefnan kynnt og þær áherslur sem við leggjum á, ásamt góðum ráðum í sambandi við aðlögun.

Síðastliðið haust höfðum við foreldrafundi í upphafi skólaárs þar sem öllum foreldrum hvers kjarna var boðið í kvöldstund og spjall með kennurum kjarnans. Þar var sagt frá markmiðum kjarnans í lotuvinnu vetrarins framundan og fleira. Mjög skemmtilegt og mikil ánægja og við munum halda þessu áfram.

Boðið er í foreldrakaffi og kjarnaheimsóknir í kringum bónda- og konudaginn. Drengir bjóða fjölskyldum sínum í kaffi í kringum bónadaginn og stúlkur sínum fjölskyldum í kringum konudaginn.

Að auki er ýmsum öðrum óreglulegum uppákomum, sem tengja fjölskyldur við leikskólan fagnað og foreldrum boðið að taka þátt í leikskólastarfinu.

Hjallastefnuskólar starfa eftir ákveðnum matarstöðlum en það er stefna skólans að vera með sem minnst af hvítum sykri, hveiti og unnum kjötvörum í boði. Einnig tökum við fullt tillit til hinna ýmsu matarþarfa hjá fjölskyldum, hvort sem það er ofnæmi, óþol og eða ákvörðun foreldra, hvort börn þeirra neyti kjöts eða fisks. Kokkurinn er þess vegna alltaf með mjög fjölbreyttan mat til að mæta þörfum allra.

Foreldraráð er starfandi við skólann og hluti af stjórnerfi leikskólans. Kosið er í foreldraráðið að hausti, ár hvert á opnum foreldrafundi. Foreldraráð fundar að minnsta kosti tvívar á starfsárinu og gefur umsögn um starfsáætlun og skóladagatal svo og skólanámskrá leikskólans.

Foreldrafélag er einnig starfandi í tengslum við skólann og í því sitja átta foreldrar skólaárið 2023-2024 og eru fulltrúuar frá öllum kjörnum. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir sumarhátíð á vordögum. Einnig hefur félagið boðið upp á fræðslufundi fyrir foreldra



tvisvar yfir skólaárið. Foreldrafélagið hefur stundum kostað rútuferðir þegar farið er í lengri ferðir ásamt því að gefa leikskólanum ýmsar gjafir eins og skjávarpa, myndavélar, vatnsbrúsa og útibekki sem allt hefur nýst skólanum einstaklega vel. Einnig hefur félagið stundum glatt kennara skólans með einhverjum hætti.

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á skólaári þ.e. í október og febrúar og venja er að viðtölin fari fram á laugardögum sem hefur gefist mjög vel. Þessir dagar hafa verið sérstaklega hátíðlegir og það sem okkur finnst frábært við að hafa foreldraviðtölin á laugardögum, er að þá hafa báðir (flestir) foreldrar tækifæri til að mæta í rólegheitum, án þess að þurfa að skjótast í og úr vinnu og allir njóta dagsins.

Í tengslum við þessi foreldraviðtöl fylla kennarar út gátlista varðandi þroska- og félagslega stöðu barnanna og almennt gengi þeirra í leikskólanum sem svo er kynnt fyrir foreldrum í viðtolunum.

F. h. leikskólans .....

Gudný Silja Stefnarsd. 08.07.2024

Leikskólastjóri

Dagsetning

Fylgiskjal 1 - Skóladagatal og skipulagsdagar.



Fylgiskjal 2.

## Starfsáætlun 2024 - 2025

### Leískólinn Askja

### Umsögn foreldraráðs



#### Foreldraráð leískólans skipa:

Ásgerður Heimisdóttir

Baldvin Hugi Gíslason

Gísli Rúnar Gíslason

Ísak Þórhallsson



## **Umsögn foreldraráðs:**

Umsögn foreldraráðs Öskju vegna starfsáætlunar 2024-2025

Foreldraráð hefur yfirfarið starfsáætlun Leikskólans Öskju og samþykkir hana hér með. Starfsáætlunin er fagleg og metnaðarfull, í takt við það einstak starf sem unnið er í Öskju. Áætlunin lýsir starfinu á greinargóðan hátt og metnaði til að bæta það góða starf sem nú þegar fer fram í Öskju. Það er mat foreldraráðs að starfsáætlunin taki á öllum þeim þáttum sem snúa að börnum, foreldrum, starfsfólk og starfinu sem slíku.

Foreldraráð styður áætlunina heilshugar og telur hana í fullu samræmi við áherslur og starf Hjallastefnunnar, sem og þær kynningar sem foreldrar hafa fengið á starfinu.

Áætlunin lýsir starfseminni á greinargóðan hátt og endurspeglar allt það góða og vandaða starf sem unnið er í Öskju.

Það er mat foreldraráðs að starfið sem unnið er í Öskju sé að öllu leyti faglegt, hlýlegt og uppbyggilegt. Annað árið í bráðabirgðahúsnæði hefur gengið vel, þótt vonin standi til þess að framtíðarlaust finnist. Þrátt fyrir húsnæðismálum hefur stjórnendum leikskólans tekist að halda góðum stöðugleika í starfi leikskólans og er góður andi einkennandi í starfinu öllu. Undanfarið ár hefur viðburðum farið fjölgandi og leiðir verið fundnar til að halda starfinu gangandi í húsnæðinu.

Starfið í Öskju er öllum sem að því koma til fyrirmynadar. Börnum líður vel og foreldrar upplifa öryggi í fagmennskunni sem einkennir starfið.

Gisli Rúnar Gislason

Kt. NLV 902129

Ísleik Kirkjubæjar

020490-2019

Baldvin Hugn Gislason

150891 -3029

Asgarður Haukisdóttir

310893 2269



